

Fundur Foreldraráðs VÍ

19. maí 2014 kl. 19:00

Mætt: Sigurður Örn Eiríksson, Unnur Ingólfssdóttir, Hlaðgerður Íris Björnsdóttir, Dána Arnfjörð, Þórdís Guðmundsdóttir, Auður Einarsdóttir, Lena Kristín Lenharðsdóttir og Elín Thorarensen.

Dagskrá:

1. Næsti vetur
2. Gíróseðlar
3. Facebook síðan

1. Næsti vetur

A. Skipulag ballgæslu

Rætt um reynsluna af því að manna gæsluna í vetur. Stefnt að því að nota fyrst og fremst foreldra í 3. bekk næsta vetur líkt og prófað var í vetur. Athuga með að fá lista yfir netföng foreldra í 3. bekk frá skólanum ef það gengur ekki biðja um að umsjónarkennarar safni netföngum allra á fræðslufundi. Hefða að tveir til þrjú bekkir sjái um gæsluna í hvert sinn. Kynna vel fyrir foreldrum á fræðslufundi, fréttabréfi og tölvupósti. Nota FB síðu eingöngu til að manna gæslu ef það næst ekki að manna úr bekkjunum.

Sammála um að starfsmenn skólans sjái vel um utanumhald með gæslunni á staðnum.

B. Kynningarfundur með foreldrum nýnema var haldinn 4. sept í fyrra.

Mikilvægt að kynna starf foreldrafélagsins á þeim fundi líkt og í fyrra.

C. Aðalfundur. Stefnt á að halda um miðjan september.

Til fundarins skal boðað á heimasíðu skólans og með tölvupósti til foreldrumeð dagskrá, með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Undirbúa þarf fund og auglýsa eftir fólki í stjórn.

Fá fyrirlesara á aðalfund.

2. Gíróseðlar vegna félagsgjalds verða ekki sendir út í vetur vegna tæknilegra vandamála.

Ákveðið að senda þá út snemma næsta haust og kynna vel í tölvupósti til foreldra.

3. Facebook síða foreldraráðsins hefur nýst vel til að miðla upplýsingum og fræðslu. Gengið hefur vel að setja inn efni í vetur en mikilvægt er að hún sé lifandi og upplýsandi. Gott að setja þar inn ítarlegri upplýsingar um böllin, s.s. staðsetningu, lengd og hvenær nemendur eiga að mæta í skólann næsta dag. Síðan hefur nú um 700 fylgjendur en þurfum að fjölga þeim enn frekar næsta vetur. Stefnt á að kynna síðuna á kynningarfundum með foreldrum, aðalfundi og í fréttabréfi strax næsta haust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21:00

/ET